

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir miðbæ.*  
Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 24. apríl 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir miðbæ Akureyrar.

Breytingin tekur til Oddagötu 11 og felur í sér að byggingarreitur fyrir bílskúr er færður 1 metra aftar á lóðinni svo að bílastæði fyrir framan skúrinn verði 6 metrar í stað 5.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 1. júlí 2024,*

**Rebekka Rut Þórhallsdóttir**, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfudagur: 15. júlí 2024